

77

20. júní

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um gagnkvæma hjálp handa bágstöddu fólki.

Hinn 9. janúar 1951 var í Stokkhólmi undirritaður Norðurlandasamningur um gagnkvæma hjálp handa bágstöddu fólki. Aðilar samningsins afhentu fullgildingarskjöl sín í Stokkhólmi hinn 26. febrúar 1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

MILLIRÍKJASAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma hjálp handa bágstöddu fólki.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um gagnkvæma hjálp handa bágstöddu fólki, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

dr. Helgi P. Briem;

Hans Hátign konungur Danmerkur:

sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi
Knud Aage Monrad-Hansen;

Forseti lýðveldisins Finnlands:

sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Stokkhólmi
Georg Achates Gripenberg;

Hans Hátign konungur Noregs:

sendifulltrúa Noregs um stundarsakir í Stokkhólmi
sendiráðunaut Henrik A. Broch; og

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

utanríkisráðherra sinn, hans háögfi B. Östen Undén,

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Sérhvert samningsríkja skuldbindur sig til að veita bágstöddum ríkisborgurum hinna ríkjanna hjálp samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Nú hefur maður áður átt ríkisfang í einhverju samningsríkja og hefur ekki öðlzt ríkisfang í neinu öðru ríki, og nýtur hann þá samkvæmt samningi þessum sama réttar og ríkisborgarar þess samningsríkis, er hann átti ríkisfang í.

Sama máli gegnir um þann, sem ríkisfang á í einhverju samningsríkja og 77
verður ríkisborgari í öðru ríki, án þess að glata sínu fyrra ríkisfangi. 20. júní

2. gr.

Orðið hjálp táknað í samningi þessum styrk og hjálp, sem látin er í té samkvæmt framfærslulögum eða öðrum lögum svipaðs eðlis um hjálp handa bágstöddu fólki.

3. gr.

Hjálpin er veitt af lögbærum valdhafa í dvalarlandinu á sama hátt og eftir þeim reglum, er gilda um ríkisborgara landsins.

4. gr.

Dvalarlandið skal standa straum af öllum útgjöldum af framkvæmd samnings þessa.

5. gr.

Nú þarfnast maður hjálpar til langframa, og getur dvalarlandið þá samkvæmt ákvæðum þessa samnings krafizt þess, að heimalandið taki við hinum bágstadda manni.

Ef hjálp er veitt um stundarsakir, má einungis krefjast heimflutnings, ef hinn bágstaddi maður ber fram tilmæli um að verða fluttur til heimalands síns.

6. gr.

Með orðunum hjálp til langframa er í samningi þessum átt við hjálp, sem valdhafar bæði í dvalarlandi og heimalandi telja nauðsynlega að minnsta kosti um eins árs skeið, frá því að hún fyrst var látin í té, eða hefur raunverulega verið nauðsynleg að minnsta kosti um eins árs bil.

Hjálpin telst til langframa, þótt hlé verði á henni um stundarsakir á árinu. Öll önnur hjálp, sem veitt er samkvæmt samningi þessum, telst hjálp um stundarsakir.

7. gr.

Nú hefur ríkisborgari samningsríkis haft fast aðsetur í öðru samningsríki að minnsta kosti 5 ár, og getur dvalarlandið þá ekki krafizt þess, að hann sé fluttur til heimalands síns vegna hjálpar, sem honum er veitt í dvalarlandinu, á meðan búseta hans helst þar. Vist hans um stundarsakir utan dvalarlands síns skiptir ekki máli í þessu sambandi.

8. gr.

Nú hefur hinn bágstaddi maður notið hjálpar til langframa í dvalarlandinu á því tímabili, sem getur í 7. gr., eða hann hefur verið í refsivist að minnsta kosti 60 daga og telst dvöl hans á þessu tímabili þá vera rofin, en hinn nýja dvalartíma hans ber að telja frá þeim degi, er hætt var að veita honum hjálp eða hann hefur lokið refsivist.

9. gr.

Nú koma ákvæði 7. gr. til framkvæmda gagnvart kvæntum manni, og er þá réttur eiginkonu hans samkvæmt samningnum sá sami og hans, ef hún er búsett í sama landi og hann.

Þessum rétti heldur hún eftir andlát mannsins, eftir lögskilnað við hann eða brottflutning hans úr landinu.

Nú koma ákvæði 7. gr. ekki til framkvæmda gagnvart manningnum, en konan fullnægir sjálfstætt skilyrðum samningsins til þess að beita megi gagnvart henni ákvæðum nefndrar greinar, og taka þá ákvæði þessarar greinar til hennar.

77

20. júní

Skilgetið barn, sem hefur ekki náð 16 ára aldri, nýtur sama réttar samkvæmt samningnum og faðir þess, en sé faðir þess andaður eða horfinn, nýtur það sama réttar og móðir þess. Eftir dauða foreldra sinna heldur það þessari réttarstöðu. Flytja má þó barnið að látnum foreldrum þess, en áður en það hefur náð nefndu aldursmarki, til heimalands síns, en einungis með því skilorði, að valdhafar í báðum löndunum, þeir er í hlut eiga, séu ásáttir um að slíkur flutningur til heimalands barnsins muni barninu fyrir beztu. Sama gildir og, ef 7. gr. kemur ekki til framkvæmda gagnvart foreldrum barnsins, en barnið fullnægir sjálfstætt skilyrðum samningsins til þess að beita megi gagnvart því ákvæðum síðast nefndrar greinar.

Nú skilja foreldrar að lögum, og nýtur þá barnið sama réttar og það foreldri þess, sem hefur eða hafði síðast foreldravald yfir því.

Ef um óskilgetið barn er að tefla, ber einungis að líta á réttarstöðu móðurinnar.

Nú hefur barnið náð 16 ára aldri, og skal þá réttur þess miðast við það árabil, sem það hefur samfleytt dvalizt í landinu, þannig að ekki skal tekið tillit til hjálpar, sem því hefur verið veitt, áður en það náði þeim aldri.

11. gr.

Nú á ekkja, kona, sem skilin er að lögum við mann sinn, eða kona manns, sem er horfinn, ríkisfang í dvalarlandinu eða átti það, þegar hjónabandið var stofnað, og verður þá hvorki hún né börn hennar, þau sem fylgja henni samkvæmt 10. gr., flutt úr landi vegna veittrar hjálpar.

12. gr.

Þótt ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt fyrri greinum samnings þessa, að bágstaddur maður verði fluttur til heimalands síns, þá skal samt koma til álita, hvort atvik séu með þeim hætti, að rétt þyki að láta flutning til heimalands ekki koma til framkvæmda.

Við úrlausn þessa atriðis ber sérstaklega að gæta mannúðar. Að jafnaði skal ekki framkvæma flutning til heimalands, ef hann hefur í för með sér skilnað ráinna venzlamanna, ef hinn bágstaddi maður er roskinn orðinn og hefur um langan tíma dvalizt í landinu eða ef flutningur til heimalands verður ekki framkvæmdur án þess að spilla heilsu hins bágstadda manns.

13. gr.

Nú vill dvalarland láta flytja bágstaddan mann til heimalands síns vegna veittrar hjálpar, og skal þá borin fram skrifleg málaleitan þar um við stjórnvöld heimalands, svo fljótt sem kostur er.

Slík málaleitan skal borin fram af félagsmálastjórn (félagsmálaráðuneyti) þeirri, er í hlut á, og skal send sams konar stjórnardeild (ráðuneyti) í heimalandinu.

Nefnd málaleitan skal geyma, að svo miklu leyti sem kostur er, nákvæmar og áreiðanlegar skýrslur um nafn hins bágstadda manns, fæðingarstað, fæðingardag og fæðingarár, nöfn foreldra hans, fæðingardag, fæðingarár, fæðingarstað og dvalarstað þeirra, hvenær hann kom til dvalarlandsins, ástæðuna til hjálparinnar, hverrar tegundar hjálpin hefur verið og í hve ríkum mæli hún var látin í té. Málaleitan skulu fylgja staðfest afrit af skjölum, sem tjá, hvar hann eigi ríkisfang, eða sé slíkra skjala ekki kostur, þá aðrar skýrslur varðandi ríkisfang mannsins.

Nú er hjálp veitt vegna sjúkleika, og skal þá málaleitan fylgja læknisvottorð um tegund sjúkdómsins og um það, hvað ætla megi, að hann verði langvinnur.

14. gr.

77

Áður en 60 dagar eru liðnir, frá því er slík málaleitan barst réttum valdhafa í heimalandinu, skal hann hafa sent tilkynningu til réttis valdhafa í dvalarlandinu um hvort heimalandið muni veita hinum bágstadda viðtöku.

Nú hafa nefndir valdhafar skipzt á bréfum um slíka málaleitan, og má þá, ef það þykir hentugt, skjóta henni til fyrirvarsmanna samningsríkjanna í utanríkismálum.

15. gr.

Dvalarland skal annast flutning hins bágstadda manns til þess staðar á landamærum, sem viðkomandi valdhafi í heimalandinu tiltekur. Þennan stað skal velja þannig, að dvalarlandi séu ekki sköpuð óþörf útgjöld.

Sá valdhafi, sem annast flutning til heimalandsins, skal, að minnsta kosti átta dögum áður en flutningur fer fram, hafa sent tilkynningu þeim valdhafa, sem veita skal samkvæmt ákvörðun heimalandsins hinum bágstadda viðtöku, um tilhögun heimflutnings og um komutíma hins bágstadda manns þangað.

Jafnan skal fresta heimflutningi, þar til hann getur farið fram, án þess að stefnt sé í hættu heilsu eða öryggi hins bágstadda manns eða annarra.

16. gr.

Samningar milli samningsríkjanna um gagnkvæma hjálp til handa bágstöddum sjómönnum og heimsendingu þeirra, halda gildi sínu þrátt fyrir samning þenna.

17. gr.

Samningur þessi leggur engar hömlur á rétt samningsríkis til þess að framkvæma þau almennu ákvæði, sem þar gilda um rétt erlendra manna til dvalar í því landi, enda leiði framkvæmd þeirra ákvæða ekki til þess, að gengið sé á snið við samning þenna.

18. gr.

Samningur þessi tekur hvorki til Færeyja, Grænlands né Svalbarða (Spitzbergen). Dvöl á Svalbarða skal þó að því er varðar ákvæði 7. gr. jafngilda dvöl í Noregi.

19. gr.

Samningur þenna skal fullgilda, og fullgildingarskjölum komið til varðveislu í sænska utanríkisráðuneytinu, eins fljótt og auðið er.

Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er almanaksmánuður, talið frá því, að samningsríkin skiptast á fullgildingarskjölum.

Við gildistöku samnings þessa er úr gildi numinn samningur milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. október 1928 um fátækrahjálp. Endurgreiðsla samkvæmt síðast nefndum samningi fyrir hjálp veitta 1. jan. 1950 eða síðar skal ekki kræf.

20. gr.

Nú vill eitthvert samningsríkja segja upp samningi þessum og skal það þá tilkynna það skriflega sænsku ríkisstjórninni, sem skal tafarlaust skýra hinum samningsríkjunum frá tilkynningunni og á hvaða degi hún hafi borizt.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem upp segir, og öðlast gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex almanaksmánuðir frá því að ríkisstjórn Svíþjóðar barst uppsögnin.

Samninginn skal varðveita í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, sem senda skal staðfest eftirrit hverju hinna samningsríkjanna.

77 Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þennan 20. júní milliríkjasamning.

Gert í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, í Stokkhólmi hinn 9. janúar 1951.

Helgi P. Briem.

Loka-bókun.

Í sambandi við undirritun í dag á milliríkjasamningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma hjálp handa bágstöddu fólki, hafa fyrirvarsmenn samningsríkjanna lýst yfir því, sem hér fer á eftir:

Það hefur verið tilætlun samningslandanna, að í hverju þeirra skuli ríkisborgarar hinna landanna vera jafn réttáir og landsins eigin ríkisborgarar, að því er varðar hjálp handa bágstöddu fólki.

Hin einstöku ríki hafa til skýringar á viðtæki samnings þessa lýst yfir því, að samkvæmt gildandi löggjöf veiti samningurinn þau réttindi, sem hér greinir:

Á Íslandi:

Hjálp samkvæmt framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Í Danmörku:

Hjálp samkvæmt lögum frá 20. maí 1933 um opinbera framfærslu, að undanskilinni hjálp til sjúklínga, sem þjást af langvinnnum eða ólæknandi sjúkdómum, samkv. 247.—249. gr., og hjálp til barna samkv. 130. gr., fyrstu málsgr. 1—3.

Í Finnlandi:

Fátækrahjálp og önnur félagsleg hjálp, sem veitt er samkvæmt barnaverndarlögum, lögum um flækinga og drykkjumenn og annarri löggjöf um félagslega hjálp, að því tilskildu, að hjálpin samkvæmt lögum teljist fátækrahjálp.

Í Noregi:

Hjálp samkvæmt framfærslulögum frá 19. maí 1900.

Í Svíþjóð:

Hjálp samkvæmt lögum um fátækraframfærslu frá 14. júní 1918, og framfærsla samkvæmt 29. gr. barnaverndarlaganna frá 6. júní 1924.

Að því er snertir skýringu á ýmsum ákvæðum samningsins hafa fyrirvarsmennirnir komið sér saman um það, sem hér fer á eftir:

Um 6. gr.: Þegar um er að tefla húsaleiguhjálp, skal telja að hún hafi hafizt við upphaf leigutímabilsins.

Með orðunum „hlé á hjálp um stundarsakir“ er átt við hlé á veitingu hjálpar um tímabil, sem er innan við 90 daga.

Um 7. gr.: Að því er varðar merkingu orðanna „fjarvera um stundarsakir“, skal beita þeim sjónarmiðum, er nú skal greina:

Fjarvera í allt að 3 mánuði skal í samningi þessum teljast fjarvera um stundarsakir, nema því aðeins, að maður hafi verið fluttur til heimalands eða honum vísað úr landi.

Fjarvera í 6 mánuði eða lengur skal að jafnaði teljast lengri fjarvera en um stundarsakir.

Nú er um að tefla fjarveru 3—6 mánuði, og skal þá við úrlausn þess, hvort fjarveru skuli telja um stundarsakir eða ekki, líta á það, hvort sá, sem í hlut á

hefði í hyggju að hverfa aftur til dvalarlandsins, svo og hvort hann í fjarveru 77
sinni hefði haldið sambandi við dvalarlandið og í hve ríki mæli. 20. júní

Sömu sjónarmiðum skal beitt, er meta skal fjarvist manns vegna farmennsku á erlendum skipum eða vegna herskyldu í heimalandinu.

Farmennska á skipum dvalarlands telst ekki fjarvera.

Þá skal og að því er varðar ákvæði 7. gr. lögskráning á íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt skip jafngilda því, að maður flytjist til hlutaðeigandi lands, enda þótt lögskráning fari fram, meðan skipið hefur viðdvöl í öðru landi.

Loka-bókun þessi öðlast gildi um leið og ofangreindur samningur, og skal vera honum jafngild og taka til sama tíma og hann.

Loka-bókun þessa skal varðveita í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, sem senda skal staðfest eftirrit hverju hinna samningsríkjanna.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þessa loka-bókun.

Gert í Stokkhólmi í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 9. janúar 1951.

Helgi P. Briem.

AUGLÝSING

78

20. júní

um aðild Íslands að Alþjóða-hveitisamningnum.

Hinn 2. janúar 1951 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent aðildarskjal Íslands varðandi Alþjóða-hveitisamninginn (International Wheat Agreement), sem undirritaður var í Washington hinn 23. marz 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

79

25. júní

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins.

Hinn 22. maí 1951 gengu í gildi eftirfarandi breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins:

23. gr. orðist þannig:

- a. Ráðgjafarþingið getur rætt og gert tillögur um öll þau mál, sem falla undir markmið og starfssvið Evrópuráðsins, eins og skilgreint er í I. kafla. Það skal einnig ræða og getur gert tillögur um hvert það mál, sem ráðherranefndin vísar til þess til umsagnar.
- b. Þingið skal semja dagskrá sína í samræmi við ákvæði stafliðs a. að framan.